

Heilbrigðiskerfi í heljargreipum lyfjaiðnaðarins. Bólusetningar

Á lífsleiðinni hef ég marsinnis velt vöngum yfir gagnsemi bólusetninga, bæði, þegar mín eigin börn voru bóluset, og þegar bólusetningarherferðir fyrir hinu og þessu – einkum flensum – riðu yfir. Hvernig má það vera, að sjúkdómur, sem bólusettt hefur verið fyrir, herji á fólk, þrátt fyrir ónæmið, sem fylgja átti í kjölfarið. Og hvernig mátti það vera, að lyfjafyrirtækin fengju markaðsleyfi fyrir bóluefnum og lyfjum, sem höfðu margvíslegar aukaverkanir í för með sér og stundum dauða.

Ég fékk í sjálfu sér hvergi nærri fullnaðarsvör við þessum spurningum, leita þeirra enn. En covid-19 faraldurinn kom aftur róti á hugann, að þessu leyti. Um það hef ég áður skrifað töluvert, svo ég læt það liggja í láginni hér. En ég fór að líta betur um öxl.

Gömul, áströlsk heimildarmynd, þ.e. bráðum aldarfjórðungs gömul (1998), hafði farið fram hjá mér. Titill hennar er: Hulinn sannleikur um bólusetningar. Hvað eru foreldrar ekki upplýstir um? (The Hidden Truth About Vaccines; What Parents Are Not Being Told). Bronwyn Hancock er framleiðandi hennar. Hún hefur einnig skrifað bókina: „Bólusetning. Banvæn mistök“ (Vaccination: A Fatal Error).

Þrátt fyrir misjöfn hljóðgæði, er myndin vel þess virði að sjá. Boðskapurinn enn í fullu gildi og hefur öðlast nýtt gildi í ljósi þeirra bólusetningahamfara, sem yfir okkur hafa dunið og enn munu dynja, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og eftirtektafyrirgjafum „hluthafa“ hennar, auðkýfingnum, Bill Gates, og samherjum hans hjá Alheimsefnahagsráðinu.

Í myndinni kemur fram fjöldi heilbrigðisstarfsmanna. Þeir eru allir kynntir til sögu í grein frá „Upplýsingaþjónustu um bólusetningar“ (Vaccination Information Service).

Meðal þátttakenda er slóvakísk/ástralski jarðvísindamaðurinn, Viera Scheibnerová/Scheibner (f. 1935), sem rannsakaði bólusetningar um langt skeið. Hún hefur m.a. gefið út bækurnar: „Bólusetningar. Hefðbundnar rannsóknir síðastliðna öld sýna, að bólusetningar eru árás á ónæmiskerfið“ (Vaccination. 100 years of Orthodox Research Shows That Vaccines Represent an Assault on the Immune System). Og: „Hegðunartruflanir í bernsku. Tengsl við bólusetningar“ (Behavioural Problems in Childhood: The Link to Vaccination).

Það kynni að vera áhugavert áhugamönnum um málfrelsi, vísindalega umræðu og sannleiksleit, að umfjöllun um Vieru hefur verið breytt á Wikipediu, sem nú er komin í eigu auðjöfranna. Hún er nú kölluð „andbólusetningasinni“ (anti-vaxxer), sem er

skammaryrði þeirra, sem er um megn að taka málefnalega, vísindalega umræðu um efnið.

Í grófum dráttum er niðurstaðan á þá leið, að bólusetningar barna hafi fremur í för með sér sýkingarnæmingu eða sýkingaofnæmi (anaphylaxis) í stað sýkingavarna.

Þegar Viera og eiginmaðurinn höfðu um þriggja ára skeið brotið vísindagreinar úr viðkenndum læknatímaritum til mergjar, varð niðurstaða þessi: „Bólusetningar drepa ungbörn. ... Það er þaulrannsökuð staðreynd, að algengi og dauðsföll af völdum smitsjúkdóma féll með 90%, löngu áður en [skipulegar] bólusetningar jafnvel tíðkuðust.“

Um bólusetningar við bólusótt, sagði Archivides (Archcie) Kalokerinos (1927-2012): „Það lá í augum uppi, að það hafði verið alvarlega villt um fyrir mér eins og öðrum læknum... Það kom greinilega í ljós, að þeir tvíbólusettu voru þeir einustu, sem sýktust af bólusótt.“

Lyfjaiðnaðurinn óx og dafnaði sem aldrei fyrr í lok annars heimsstríðs sem og „vísindaleg“ læknisfræði. Allra handa lyf voru framleidd, sum gagnleg, önnur bráðdrepanði, og allt þar á milli. Senn voru til lyf við öllu mannlegu, sem misjafntþótti, eins og vondum hugsunum.

Samfara þessu styrkust jafnaðarmennskusamfélög Vesturlanda. Þáttur hugmyndafræðinnar var „ókeypis“ heilbrigðisþjónusta fyrir alla. Það fól í sér stofnun heilbrigðiskerfis, sem beint og óbeint var fjármagnað af ríkisvaldinu, þ.e. stjórn mála- og embættismenn tóku sér ákvörðunar- og skattheimtuvald. Þetta fól í sér ríkisinnkaup á lyfjum. Hinir eiginlegu „gjaldkerar“ eru læknar, markhópur lyfjafyrirtækjanna.

Markaðssetning lyfja er stundum svo nærgöngul, ósvífin og ósiðleg, að stundum er full ástæða til að draga hlutleysi lækna í efa. Sama á við um bóluefni. Læknar hafa ekki frekar en heilbrigðisyfirvöld annað en rannsóknaniðurstöður lyfjafyrirtækjanna að styðjast við, þegar lyf og bóluefni eru sett á markað. Margsinnis hefur það gerst, að lyf hafi verið tekin af markaði vegna alvarlegra og banvænna aukaverkana. Bóluefnafyrirtækin eru nú ósnertanleg, þ.e. þau má ekki sækja til saka vegna ágalla vörunnar.

Saga hættulegra bóluefna er í senn bæði ný og gömul. Hún hefur rifjast upp með skruðningum í covid-19 kreppunni. Í téðri heimildarmynd eru afhjúpaðar eldri

heimildir og reynsla, þess efnis, að bólusetningar hafi iðulega haft gagnstæð áhrif á hina bólusettu, miðað við þau, sem tilætluð voru - að sögn.

Læknastéttin sem slík hefur venjulega þagað þunnu hljóði, með fáum heiðarlegum undantekningum. Sumir þeirra lifa eftir orðum fræðaföðursins, Hippókratesar. „Þér skulið ekki vinna tjón.“ En það getur valdið búsifjum að vera heiðarlegur. Útskúfun „erfiðra“ lækna er ekkert nýnæmi.

Einn læknanna, Mark Donohoe, sem fram kemur í umræddri mynd, segir t.d. á þessa leið: Læknar njóta ekki lengur trausts í samfélaginu. Það er svo sem ekki kyn, þegar þeir ljúga og lofa góðum árangri af bólusetningum til að lokka fleiri börn í sprautuna. Það væri hyggilegt að vera viðbúinn viðbrögðum þeirra, sem logið hefur verið að, og skiljanlegt, að þeir snúi ekki aftur. ...

Það er mér raun að tilheyra stétt, sem kerfisbundið lýgur að fólki um lækningar, sem kynnu að vera áhættusamar. Ég fæ með engu móti séð, að slíkt gæti verið til góðs fyrir samfélagið.“

Það gefur auga leið, að til að lækna sjúkdóma með lyfjum eða „koma í veg“ fyrir þá með bóluefnum, þurfa þeir að vera fyrir hendi. Það er enginn hörgull á sjúkdómum. Þeim virðist stöðugt fjölga, heilsu fólks hrakar og bólusetningar aukast. Á meðan fitna lyfjafyrirtækin. Þetta er „gósentið“ fyrir bólusetningaframleiðendur. Reikningurinn er sendur skattgreiðendum.

Þess má geta, að um þessar mundir fá barnung börn í Bandaríkjunum bólusetningar við um tuttugu sjúkdómum. Covid-19 er sá síðasti. Þannig m.a. tryggja lyfjafyrirtækin sér markað, búa meira að segja til sjúkdóma eins og svínaflensuna góðu. Þegar mikið liggur við er þjóðarleiðtogum beitt í auglýsinga skyni. Sumir muna ef til vill, þegar Gerald Ford (1913-2006), Bandaríkjaforseti, bretti brosandí upp ermarnar og lét bólusetja sig fyrir sjúkdómi, sem ekki var til.

Það er reyndar með ólíkindum, hversu hin ævafora kennisetning franska efnafræðingsins, Louis Pasteur (1822-1895), um sóttkveikjur (germ), hefur verið lífseig. Hún segir að sóttkveikjur valdi sjúkdómum. Síðar endurskoðaði hann kenninguna á þann veg, að þær yllu einungis sjúkdómum, ef líkaminn næði ekki að sigrast á þeim. Það gera heilbrigðir líkamir venjulega. Og heilbriggt fólk verður til í heilbrigðu umhverfi, þegar það lifir heilsusamlegu lífi. Enda hurfu gamalkunnir smitsjúkdómar að mestu, þegar lífsskilyrði bötundu á Vesturlöndum.

Annað er uppi á tengingum víða í „þriðja heiminum,“ en þar fara Bill Gates og lyfjafyrirtækin um eins og logi um akur, með sprautur, úða og töflur. Afleiðingar eru skelfilegar.

Á tíunda áratugi síðust aldar hófu bresk stjórnvöld herferð gegn mislingum. Og auðvitað þurfi að bólusetja öll börn í Bretlandi. Það gekk hér um bil eftir, en fjöldi mislingasjúklinga jókst. Þegar leyndarhjúpnum var svipt af þessu heilbrigðisþjónustuátaki, komu í ljós leyndir hagsmunapræðir lyfjafyrirtækjanna og stjórnvalda. Fyrirtækin þurftu að losna við birgðir bóluefna. Svipaðar herferðir voru síðar farnar í Ástralíu og Nýja-Sjálandi.

Í þessum efnum eins og mörgum öðrum getur verið örðugt að greina hismann frá kjarnanum. Okkur er tamt að trúá því, sem að okkur er lagt. Heilbrigðisstarfsmenn búa yfir ógnvænlegu valdi, „hvítjakkavaldinu.“ Sumir fara illa með það.

En hvers vegna í ósköpunum ættu þeir að ljúga? Hugsanlega vita þeir ekki betur, fórnarlömb frásagnarvalds lyfjaiðnaðarins eins og sauðsvartur almúginn. En ef svo skyldi vera, þarf að gera meiri kröfur. Líf, heilsa og hamingja fjölda fólks er undir, sbr. nýlegar, óháðar rannsóknir, birtar fyrir tveim árum síðan.

Og enn þá fleiri hafa farið í saumana á vísindalegum rannsóknum um efnið og komist að sömu niðurstöðum, í grundvallaratriðum, sbr. m.a. viðtal við Roman Bystranyk: „Endir bundinn á tálsýnina um bólusetningar: Sjúkdómar, bóluefni og horfna sagan“ (Dissolving Vaccine Illusions. Disease, Vaccines, and the Forgotten History).

Niðurstöðurnar voru í raun þekktar um 1970. Mæli með viðtalinu. Roman hefur einnig skrifað bók með sama heiti. Meðhöfundur er Suzanne Humphries. Á bókarkápu stendur m.a.: „Sé svo, að læknastéttin hafi kerfisbundið mistúlkað og virt að vettugi sögulegar lykilupplýsingar, hljótum við að spyrja: „Hvað er fleira á líðandi stundu, sem þeir hafa mistúlkað og hunsað?““

Ég leyfi mér að benda á ráð breska læknisins, Vernon Coleman, þegar mælt er með bólusetningum barnanna (eða ykkar sjálfra): Biðjið um óháða, vísindalega heimild um sannleiksgildi meðmælanna. Það ætti að vera sjálfsagður þáttur þess að gefa upplýst samþykki fyrir bólusetningum.

Að öllu þessu skoðuðu sendi ég mínum börnum sams konar afsökunarbeiðni og Igor Chudov til sínum:

„Elsku börnin mín. Mér urðu á hryllileg mistök. Ég dró ekki í efa þau orð barnalæknisins [Heilsugæslunnar], að þið þyrftuð að fá „reglulegar sprautur“ til að

tryggja heilbrigði ykkar. ... Ég hefði átt að vita betur. Ég hefði átt að brjóta til mergjar og spyrjast fyrir. En ég lét hjá líða. Það er með engu móti unnt að vita, hvort einhverjar bólusetninganna, sem þið fenguð, hafi valdið ykkur meini. Ég vona, að svo sé ekki. Í huga mér er þó enginn vafi á því, að fullvissunin um góð áhrif þeirra, voru gefin af hröppum. Ég bið ykkur afsökunar. Þetta var ekki af yfirlögðu ráði.“

<https://expose-news.com/2022/11/14/the-hidden-truth-about-vaccines/>

https://en.wikipedia.org/wiki/Viera_Scheibner

<http://www.whale.to/vaccine/sch.html>

<https://surgicalneurologyint.com/surgicalint-articles/covid-update-what-is-the-truth/>

<https://rumble.com/v1mw7fw-unvaccinated-children-are-healthier-than-vaccinated-dr.-russell-blalock-fu.html>

<https://jermwarfare.com/tnt/vaccine-history>

<https://childrenshealthdefense.org/?s=child+vaccination>

<https://childrenshealthdefense.org/news/vaccine-safety/childhood-shingles-resulting-from-chickenpox-vaccination-rare-or-predictable/>

<https://expose-news.com/2022/11/13/the-two-golden-rules-all-doctors-follow/>

<https://igorchudov.substack.com/p/crooks-who-approved-covid-vaxx-approved>

<https://www.yumpu.com/en/document/read/4586460/autism-dr-viera-scheibner-with-bronwyn-hancock-bsc-feb-visa>

<https://childrenshealthdefense.org/video-post/dangerous-vaccination-of-children-breaking-down-the-science-numbers/>

<http://www.whale.to/vaccines/hancock4.html>

https://childrenshealthdefense.org/research_db/preterm-birth-vaccination-and-neurodevelopmental-disorders-a-cross-sectional-study-of-6-to-12-year-old-vaccinated-and-unvaccinated-children/

https://ugetube.com/watch/archie-kalokerinos-talking-on-039-every-second-child-039-in-new-zealand-1995_tbd1C62aR6EiScB.html

<https://informedconsentdefense.org/>

<https://unbekoming.substack.com/p/vaccination-the-hidden-truth>

<http://www.whale.to/vaccines/hancock.html>

<https://www.mdpi.com/1660-4601/17/22/8674>

<http://www.whale.to/vaccines/hancock1.html>

<https://www.mdpi.com/1660-4601/17/22/8674>

<https://journals.sagepub.com/doi/10.1177/2050312120925344>

<https://www.youtube.com/channel/UCdpKfgxXFsjl-o85zK62KA/videos>

<http://www.vaccination.inoz.com/speakerprofiles.html#Greg>

<https://www.informedconsentxpress.com/>

<https://rumble.com/c/sunfellowhealthhealing>

<https://rumble.com/v1mw7fw-unvaccinated-children-are-healthier-than-vaccinated-dr.-russell-blaylock-fu.html>

<https://rumble.com/v10m6zb-peer-reviewed-ten-year-study-are-vaccinated-kids-healthier-than-the-unvacci.html>

<https://rumble.com/v10m7rn-vaccine-secrets-what-parents-should-know-before-they-vaccinate-their-kids.html>

<https://rumble.com/v1pvbzo-roman-bystrianykh-dissolving-vaccine-illusions.html>

<https://rumble.com/v10m6o7-three-independent-studies-answer-this-question-do-vaccines-make-us-healthie.html>

[https://odysee.com/@QuestionTheAnswers:2/Vaccination.-.The.Hidden.Truth.\(1998\):6](https://odysee.com/@QuestionTheAnswers:2/Vaccination.-.The.Hidden.Truth.(1998):6)

<https://www.youtube.com/watch?v=P9CGfYPXDKg&list=PL5PvyGtE9bhHLseLoa3zatOWL8abgwojx>